

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 1044/2012, um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðbirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir 1. mgr. 1. gr. eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í norðanverðum Faxaflóa til og með 15. febrúar 2015, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1.  $64^{\circ}45,20'N - 23^{\circ}38,10'V$
2.  $64^{\circ}49,00'N - 23^{\circ}33,50'V$
3.  $64^{\circ}47,50'N - 22^{\circ}45,60'V$
4.  $64^{\circ}46,20'N - 22^{\circ}24,00'V$
5.  $64^{\circ}32,30'N - 22^{\circ}26,40'V$
6.  $64^{\circ}40,60'N - 22^{\circ}51,50'V$

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. janúar 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

*Baldur P. Erlingsson.*